

2023

Farsældarrútan

Barna- og fjölskyldustofa

Desember 2023



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
1 Inngangur	2
2 Um Farsældarrútuna 2023	2
3 Umræður á fundum Farsældarrútunnar	6
4 Niðurstöður úr lykilsurningum	8
5 Staða innleiðingar á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.....	11
6 Vinnuframlag og kostnaður BOFS vegna Farsældarrútunnar 2023.....	13
7 Áframhaldandi innleiðing farsældarlaganna	14
8 Lokaorð	15

Listi yfir Myndir

Mynd 1 Tengiliðir farsældar hjá sveitarfélögunum	9
Mynd 2 Tengiliðir farsældar hjá heilsugæslu	9
Mynd 3 Tengiliðir farsældar hjá framhaldsskólum.....	10
Mynd 4 Málstjórar farsældar	10
Mynd 5 Úrræðalistar	11
Mynd 6 Staða innleiðingar Farsældarlaganna hjá sveitarfélögunum.....	12



1 Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir heimsóknir Barna- og fjölskyldustofu (BOFS) til sveitarfélaga á árinu 2023. Þetta er annað árið þar sem öllum sveitarfélögum á Íslandi er boðið til fundar vegna innleiðingar á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, hér eftir kölluð farsældarlögin. Þessar heimsóknir höfum við kallað Farsældarrútuna. Fyrsta heimsóknarröðin hófst á vormánuðum 2022 þegar BOFS boðaði til funda með öllum 66 sveitarfélögum landsins. Þá voru haldnir tíu fundir víðs vegar um landið með fulltrúum mennta- og barnamálaráðuneytis (MRN). Á fundunum hélt BOFS kynningu á farsældarlögunum og sagði frá nýrri stofnun, Barna- og fjölskyldustofu sem varð til með lagasetningu þann 1. janúar 2022. Sveitarfélögin sögðu frá stöðu innleiðingar hjá sér og voru svo á hverjum fundi umræður í lokin. Alls mættu á árinu 2022 fulltrúar 61 sveitarfélags á þessa fundi. Þarna komu saman fulltrúar félagsþjónustu, barnaverndar, skólþjónustu og/eða sveitarstjórnar. Einnig voru fulltrúar heilsugæslu og framhaldsskóla með á nokkrum fundum. Til að fylgja eftir heimsóknum fyrstu Farsældarrúttunnar var haustið 2022 hringt í öll 66 sveitarfélögin til að kanna stöðuna á innleiðingu farsældarlaganna.

2 Um Farsældarrútuna 2023

Vegna mikillar ánægju með farsældarheimsóknir BOFS til sveitarfélaganna árið 2022 og skýrra skilaboða frá sveitarfélögum og (MRN) að endurtaka leikinn tók BOFS ákvörðun um að fara í aðra rútuferð árið 2023. Við undirbúning Farsældarrúttunnar 2023 voru send út bréf til sveitarfélaganna þar sem fram kom tilgangur fundanna og hverja BOFS óskaði eftir að hitta. Öll sveitarfélög fengu boð um að koma á fund með BOFS, en þau voru samtals 64 á árinu 2023. Markmið BOFS var að ná til breiðari hóps þjónustuveitenda en árið á undan. Óskað var eftir því við sveitarfélögin að boðaðir yrðu fulltrúar frá sem flestum þjónustuveitendum og þeim sem veita almenna þjónustu. Einnig var hvatt til þess að sveitarstjórnarfólki yrði boðið á fundina.

Ákveðið var að halda fleiri fundi í þessari hringferð en á árinu áður, til að ná betur til þjónustuveitenda og þeirra sem veita almenna þjónustu í sveitarfélögunum, þ.e. allir aðilar sem vinna með börnum svo sem heilsugæsla, öll skólastig, félagsþjónusta, barnavernd og



lögregla auk þeirra sem sinna tómstundar- og æskulýðsstarfi fyrir börn. Markmið fundanna af hálfu BOFS var að kynna farsældarlögin og stöðu innleiðingarinnar hjá BOFS, m.a. stöðuna á fræðsluefni, eyðublöðum og öðru sem BOFS hefur verið að vinna að. Einnig að kynna Farsældarsvið BOFS og þá ráðgjöf, handleiðslu og fræðslu sem hægt er að sækja þangað. Sveitarfélögin voru flest með kynningar, eða sögðu frá stöðunni á innleiðingu Farsældarlaganna. Mikilvægt var fyrir starfsfólk BOFS að fá þessar kynningar frá sveitarfélögunum til að öðlast betri skilning á því hvar sveitarfélög eru stödd í innleiðingunni og hvaða stuðning sveitarfélögin óska eftir að fá frá farsældarsviði BOFS. Á fundunum sköpuðust góðar og mikilvægar umræður um áskoranir og tækifæri í innleiðingunni á farsældarlögunum og við teljum að með þessu fyrirkomulagi hafi fundirnir náð til mun breiðari hóps en árið á undan.

Fyrirkomulagið á flestum fundum Farsældarrútunnar var þannig að starfsfólk BOFS hóf fundinn með kynningu sem fylgt var eftir með erindi frá sveitarfélaginu og í lokin voru umræður. Til viðbótar þessu þá bauð BOFS þeim sem stjórnðu innleiðingunni á hverjum stað upp á minni fund í kjölfarið til að fara nánar yfir stöðuna og ræða áskoranir og næstu skref. Almenn ánægja var með þetta fyrirkomulag. Það að geta saman, í minni hóp, farið nánar og dýpra yfir málin að loknum almennum kynningum og umræðum var mikilvægt. Bæði fyrir þá sem stýra innleiðingunni í sveitarfélaginu til að geta tekið upp ýmsar áskoranir eða spurningar, en líka fyrir starfsfólk BOFS til að átta sig betur á stöðunni. Í undirbúningi að heimsóknum voru haldnir fjarfundir með nokkrum sveitarfélögum áður en Farsældarrútan kom á staðinn og gafst það vel. Fulltrúum frá mennta – og barnamálaráðuneytinu (MRN) og Sambandi íslenskra sveitarfélaga (SÍS) var boðið með á alla fundi rútunnar. Mörg sveitarfélög eiga í samvinnu um innleiðingu Farsældarlaganna. Nokkuð er um að sveitarfélög hafi ráðið innleiðingarstjóra til að stýra innleiðingu farsældar og eru í mörgum tilfellum teymi honum til stuðnings.

Farsældarrútan 2023 fór af stað í febrúar og í nóvember var búið að hitta öll sveitarfélög. Alls voru haldnir 33 fundir með 60 sveitarfélögum, þar af voru haldnir fjórir fundir í Reykjavík með öllum þjónustumiðstöðvunum. Auk þess voru frumkvöðlasveitarfélögin fjögur heimsótt sérstaklega, en það eru: Akranes, Akureyri, Árborg og Vestmannaeyjar sem BOFS hefur verið í sértöku samstarfi við um innleiðingu farsældarlaganna. Á fundunum með frumkvöðlasveitarfélögunum var fundað með þeim sem stýra innleiðingunni,



innleiðingarstjórum og teyllum þeim til stuðnings. Samtals voru því fundir Farsældarrúttunnar 37 með 64 sveitarfélögum samanborið við 10 fundi með 61 sveitarfélagi árið á undan. Fundirnir í ár voru misfjöldmennir allt frá 12 manns upp í 130 manna fundi, en alls sóttu rúmlega 1.200 manns fundina. Hér má sjá yfirlit yfir fundi farsældarrúttunnar á árinu 2023:

<u>Fundarröðun</u>	<u>Sveitarfélög</u>	<u>Dagsetning</u>
1	Suðurnesjabær	28. febrúar 2023
	Vogar	
2	Akranes	24. febrúar 2023
3	Grindavíkurbær	28. febrúar 2023
4	Vesturmiðstöð í Reykjavík	1. mars 2023
5	Sveitarfélagið Skagafjörður	7. mars 2023
6	Mýrdalshreppur	8. mars 2023
	Rangárþing eystra	
	Rangárþing ytra	
	Skaftárhreppur	
	Ásahreppur	
7	Mosfellsbær	9. mars 2023
	Kjósahreppur	
8	Seltjarnarnesbær	9. mars 2023
9	Akureyri	9. mars 2023
10	Vestmannaeyjar	14. mars 2023
11	Sveitarfélagið Hornafjörður	15. mars 2023
12	Árborg	15. mars 2023
13	Austurmiðstöð í Reykjavík	23. mars 2023
14	Kópavogsbær	28. mars 2023
15	Garðabær	18. apríl 2023
16	Múlaþing Fljótsdalshreppur	25. apríl 2023
17	Vopnafjarðarhreppur	25. apríl 2023
18	Húnabyggð	26. apríl 2023
	Skagabyggð	
	Sveitarfélagið Skagaströnd	
	Húnaþing vestra	
19	Vesturbyggð	2. maí 2023
	Tálknafjarðarhreppur	
20	Norðurmiðstöð í Reykjavík	9. maí 2023
21	Reykjanesbær	9. maí 2023
22	Árneshreppur	10. maí 2023
	Kaldrananeshreppur	
	Reykholahreppur	
	Strandabyggð	



	Dalabyggð	
23	Bláskógabyggð	11. maí 2023
	Flóahreppur	
	Grímsnes- og Grafningshreppur	
	Hrunamannahreppur	
	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
24	Norðurþing	15. maí 2023
	Langanesbyggð	
	Tjörneshreppur	
25	Ölfuss	16. maí 2023
26	Borgarnes	17. maí 2023
	Hvalfjarðarsveit	
	Skorradalshreppur	
27	Dalvíkurbyggð	6. júní 2023
28	Bolungarvíkurkaupstaður	13. júní 2023
29	Snæfellsbær	6. september 2023
	Stykkishólmur	
	Grundarjarðarbær	
	Eyja- og Miklaholtshreppur	
30	Ísafjarðarbær	8. september 2023
	Súðavíkurhreppur	
31	Hveragerði	13. september 2023
32	Fjallabyggð	18. september 2023
33	Þingeyjarsveit	18. september 2023
34	Fjarðabyggð	21. september 2023
35	Suðurmíðstöð í Reykjavík	11. október 2023
36	Hafnarfjörður	7. nóvember 2023
37	Eyjafjarðarsveit	27. nóvember 2023
	Grýtubakkahreppur	
	Hörgársveit	
	Svalbarðsstrandarhreppur	

Í kjölfar fundanna óskuðu mörg sveitarfélög eftir áframhaldandi og reglubundnum stuðningi frá BOFS í innleiðingarferlinu og var að sjálfsögðu vel tekið í það.

Það má geta þess að BOFS hefur einnig heimsótt eða fundað sérstaklega með framhaldsskólum á þessu ári. Samkvæmt skýrslu sem gerð var af Farsældarsviði BOFS um samstarf BOFS og Embætti landlæknis vegna innleiðingar Farsældarlaganna í framhaldsskólum sótti starfsfólk frá 20 framhaldsskólum opna fjarkynningu þann 30. maí 2023. Sú kynning var í boði fyrir alla framhaldsskólana. Kynningin varðaði farsældarlögin og Heilsueflandi framhaldsskóla með áherslu á nýjan gátlista farsældar sem styður við innleiðinguna í



framhaldsskólum. Einnig voru 10 framhaldsskólar heimsóttir og þrjú framhaldsskólar fengu sérstaka kynningu í gegnum fjarfundarbúnað.

Einnig má geta þess að vinna er hafin við innleiðingu farsældarlaganna hjá íþróttahreyfingunni. Unnið er að henni í samstarfi við fulltrúa íþróttahreyfingarinnar í Mennta- og barnamálaráðuneytinu. Samstaða er um að mikilvægt er að ná til íþróttahreyfingarinnar í öllum landshlutum þar sem hún er mikilvæg í lífi flestra barna. Haldnar hafa verið þrjár kynningar fyrir forystufólk í íþróttahreyfingunni á árinu.

3 Umræður á fundum Farsældarrútunnar

Í kynningum BOFS á farsældarlögum var lögð sérstök áhersla á að fara yfir og ræða hlutverk tengiliðar farsældar. Ljóst er að víða upplifir fagfólk sem vinnur með börnum og foreldrum mikið álag í vinnu á öðru og þriðja stigi farsældarþjónustu. Þess vegna var lögð áhersla á að ræða fyrsta stigið og hlutverk tengiliða farsældar, sem er að styðja börn og foreldra áður en vandinn verður of flókinn eða of þungur. Rætt var m.a. um að mögulega þyrfti hugarfarsbreytingu til þess að koma af stað vinnu á fyrsta stigi farsældar þar sem tengiliður farsældar er nýtt hlutverk og vinnur tengiliður samkvæmt nýju verklagi, samkvæmt farsældarlögum. Einnig var lögð áhersla á að fjalla um snemmtækan stuðning þar sem stefnt er að ná utan um vanda barna um leið og hann kemur upp. Almenn var ánægja með og vilji til að innleiða samþætta þjónustu og fara af stað í þessa vegferð í þágu farsældar barna.

Á fundunum voru rædd fjölmörg dæmi um hvað gætu verið fyrsta stigs mál hjá tengilið farsældar. Þetta var gert til þess að auka skilning á hlutverkinu þar sem víða var verið að hugsa annars stigs mál hjá tengilið farsældar sem er staðsettur á fyrsta stigi. Í umræðunni var lögð áhersla á að tengiliður farsældar væri nýtt hlutverk sem ætti að vinna með snemmtækan stuðning, en ljóst er að fagfólk var oft með hugann við þyngri mál með flóknari vanda þegar rætt var um hlutverk tengiliðar. Það kom í ljós í umræðunum að hjá mörgum sveitarfélögum er ekki gert ráð fyrir nægilegu sjálfstæði tengiliður farsældar eins og lögin gera ráð fyrir. Þessi nýja hugsun er áskorun fyrir marga, en í kynningum og umræðum jókst skilningur á fyrsta stigi til muna. Á mörgum stöðum ræddi fólk um hlutverk nemendaverndarráða, lausnarteyma eða sérstakra innleiðingar/stuðningsteyma. Umræðan fjallaði um aðkomu þessara teyma við



úthlutun mála til tengiliða og/eða málstjóra farsældar þegar óskað er eftir samþættri þjónustu. BOFS lagði áherslu á að lögin gera ráð fyrir sjálfstæði tengiliða farsældar og óhindruðu aðgengi foreldra og barna að honum. Hér er um að ræða eitt af grunnstefjum laganna.

Ýmsar aðrar áskoranir við innleiðingu farsældarlaganna voru ræddar á fundunum. Fram kom hjá sveitarfélögum, sérstaklega þeim minni að fagfólkið þar er að sinna mörgum hlutverkum og er með marga faglega hatta, jafnvel daglega. Einnig kom fram að ekki hefur í öllum tilvikum verið gert ráð fyrir nægjanlegum tíma og rými fyrir þá sem eru með hlutverk samkvæmt lögnum. Þetta gat bæði átt við um tengiliði farsældar, málstjóra farsældar og þá sem eru að hvinna að innleiðingunni. Rætt var um fjármagnið sem fylgir innleiðingu laganna og lögð var áhersla á mikilvægi þess að tengiliðir og málstjórar farsældar hefðu tíma til að sinna sínu hlutverki sem og þeir sem stýra innleiðingunni. Samtals er settur 1.8 milljarður króna á ári í innleiðingu laganna fyrstu þrjú ár innleiðingarinnar. Þá var einnig komið inn á það hvernig tengiliðir og málstjórar farsældar geta létt á öðru fagfólki sem vinnur með börnum og foreldrum.

Samkvæmt farsældarlögnum skal farsældarþjónusta skilgreind með tilliti til þess hvaða stigi hún tilheyrir. Í tengslum við þetta var nokkur umræða um úrræði fyrir börn og foreldra. BOFS lagði áherslu á mikilvægi þess að sveitarfélögin tækju saman stigskiptan úrræðalista sem væri aðgengilegur öllum tengiliðum og málstjórum farsældar. Úrræðalistarnir eru verkfæri fyrir þá sem starfa að samþættingu þjónustu. Einnig skapaðist umræða um fjármagn og starfshlutfall tengiliða farsældar. Fram komu spurningar um áætlað starfshlutfall tengiliða og hvort fjármagnið væri nægjanlegt til að þeir gætu sinnt hlutverki sínu. BOFS benti á að erfitt sé að segja til að tiltekið starfshlutfall, þar sem ekki kemur í ljós umfang starfsins fyrr en farið er af stað. Mikilvægt væri að halda vel utan um það starf sem tengiliðir og málstjórar farsældar vinna til þess að geta gert grein fyrir umfanginu. Almenn er það þó skoðun BOFS að mikilvægt er að hafa tengiliði í starfshlutfalli sem gefur þeim tíma til að sinna hlutverki sínu þó aðstæður geti að sjálfsögðu verið mismunandi eftir vinnustöðum og sveitarfélögum.

Í aðdraganda farsældarlaganna voru gerðar breytingar hjá mörgum sveitarfélögum. Vinna við samruna sviða félags- og skólaþjónustu hefur farið fram hjá mörgum sveitarfélögum og var almenn ánægja með þá breytingu þar sem reynsla er komin á. Reynslan sýnir að það stuðlaði



að aukinni samvinnu og skilningi á verkferlum og gerði innleiðingu farsældarlaganna auðveldari í þeim sveitarfélögum. Hugmyndir komu upp á fundunum um meiri samvinnu innan sveitarfélaga og á milli sveitarfélaga um sameiginlega fræðslu, fyrirlestra og námskeiðahald í tengslum við farsældina en einnig um önnur málefni s.s. barnavernd.

Fjölskyldur af erlendum uppruna komu til umræðu á fundunum. Fram kom að það væri áskorun að ná til þeirra foreldra og barna til að kynna farsældarlögin. Hugmyndir voru um að bjóða þessum hópum sérstaklega á kynningarfundum um farsæld með túlkajónustu. Einnig spannst umræða um börn á flótta og farsæld og lagði BOFS áherslu á að farsældarlögin eiga við um öll börn. Fram kom víða að mikilvægt er að kynningarefni og eyðublöð verði aðgengileg á fleiri tungumálum en íslensku. Bent var á að ekki væri nægjanlegt að hafa efnið einungis á ensku og pólsku eins og stefnt er að til að byrja með.

Mörg sveitarfélög hafa verið með kynningar og önnur eru að undirbúa kynningar um farsældarlögin fyrir þá þjónustuveitendur sem vinna með börnum sem og foreldra og börn. Rætt var um kynningarefni bæði frá sveitarfélögunum, frá MRN og frá BOFS. Ánægjulegt er að nefna að heimasíðan www.farsaeldbarna.is er komin í loftið og verða þar upplýsingar fyrir almenning á íslensku, ensku og pólsku. Einnig eru upplýsingar varðandi farsæld að finna á heimasíðu BOFS, www.bofs.is. Þá má geta þess að allmörg sveitarfélög eru komin með gott kynningarefni á sínar heimasíður.


4 Niðurstöður úr lykilsurningum

Eins og fram hefur komið þá var hringt í öll sveitarfélög haustið 2022 til að kanna stöðuna á innleiðingu farsældarlaganna. Þá var búið að skipa tengiliði ýmist í leikskólum, grunnskólum eða á báðum skólastigum, einstaka framhaldsskólum og á heilsugæslustöðvum hjá 21 sveitarfélagi. Hér koma upplýsingar um stöðu innleiðingar á árinu 2023 og er þar miðað við þá stöðu sem var hjá sveitarfélögunum þegar heimsókn átti sér stað.



Hefur sveitarfélagið tilnefnt tengiliði farsældar?

54 af 64 sveitarfélögum hafa skilað skráningu á tengiliðum farsældar til BOFS. Upplýsingar eru um að fleiri sveitarfélög hafi tilnefnt tengiliði, en ekki skilað upplýsingum um það til BOFS.



Mynd 1 Tengiliðir farsældar hjá sveitarfélögum

Hefur heilsugæslan tilnefnt tengiliði farsældar?

Heilsugæslan um allt land hefur tilnefnt tengiliði farsældar.



Mynd 2 Tengiliðir farsældar hjá heilsugæslu

Er búið að tilnefna tengilið farsældar í framhaldsskólum?




Á Íslandi eru 30 framhaldsskólar og hefur BOFS fengið upplýsingar um tengiliði frá 24 framhaldsskólum.



Mynd 3 Tengiliðir farsældar hjá framhaldsskólum

Er sveitarfélagið búið að tilnefna málstjóra farsældar?

Nokkur sveitarfélög hafa ráðið sérstaklega málstjóra í farsæld, en önnur gera ráð fyrir því að þeir starfsmenn sem fyrir eru í félagsþjónustu eða barnavernd taki að sér þetta hlutverk. Þetta kom fram í samtölum við sveitarfélögin í heimsóknunum. BOFS mun fljótlega kalla eftir skráningu á málstjórum, líkt og gert hefur verið varðandi tengiliði farsældar.




Mynd 4 Málstjórar farsældar



Er búið að vinna úrræðalista og skila til BOFS?

BOFS hefur á fundum með sveitarfélögum rætt mikilvægi þess að úrræðalistar (stigskipt þjónusta) séu aðgengilegir fyrir tengiliði og málstjóra farsældar. BOFS hefur boðið fram aðstoð sína til sveitarfélaganna við að vinna úrræðalista og mun halda því áfram. 42 sveitarfélög hafa tekið saman úrræðalista og skilað til BOFS. Þar af eru sex sveitarfélög sem tóku saman úrræðin í samstarfi við Maríu Gunnarsdóttur sem birt voru í skýrslu (Greining úrræða eftir stigskiptri þjónustu. 2021).



Mynd 5 Úrræðalistar

5 Staða innleiðingar á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna


Er samþætting hafin i sveitarfélaginu?

Sveitarfélögin eru komin mislangt á veg varðandi innleiðinguna á farsældarlögunum. Eftir rútuheimsóknirnar hefur BOFS flokkað stöðu sveitarfélaganna í þrjá flokka. Upplýsingar um stöðu sveitarfélaganna miðast við stöðuna þegar heimsóknirnar fóru fram. Út frá þeim samtölum og það sem kom fram um framhald innleiðingarinnar á fundunum er ekki ólíklegt að einhver sveitarfélög hafi færst á milli flokka á síðustu mánuðum.

Flokkarnir eru eftirfarandi:



- Sveitarfélög sem hafa tekið fyrstu skref innleiðingar: Sveitarfélagið er byrjað að undirbúa innleiðingu farsældarlaganna, m.a. með því að setja saman starfshópa og/eða ráða til sín innleiðingarstjóra, eru búin að kynna sér vel farsældarlögin, eru að fara yfir innviði sveitarfélagsins og aðlaga vinnu sveitarfélagsins að farsældarlögnum. Sveitarfélagið hefur ekki tilnefnt tengiliði farsældar eða hafið samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
- Sveitarfélög þar sem innleiðing er hafin: Sveitarfélagið er búið að ráða innleiðingarstjóra eða tilgreina aðila sem stýra innleiðingunni. Búið að tilnefna tengiliði farsældar og ákveða hvernig málstjórn á öðru stigi verður háttað. Farsældarlögin hafa verið kynnt fyrir flestum þjónustuveitendum í sveitarfélaginu og stefnt er að því að hefja samþættingu hjá tengiliðum og málstjórum farsældar.
- Sveitarfélög þar sem samþætting þjónustu er hafin: Sveitarfélagið er byrjað að vinna mál í samþættingu. Flest komin með reynslu á vinnu tengiliða á fyrsta stigi og málstjórar eru byrjaðir að vinnan mál á öðru stigi og jafnvel því þriðja. Samtal er við heilsugæslu og framhaldsskóla á svæðinu og úrræðalistar eru aðgengilegir fyrir tengiliði og málstjóra.



Mynd 6 Staða innleiðingar Farsældarlaganna hjá sveitarfélögum



Haustið 2022 hafði engin vinna verið hafin við innleiðingu farsældarlaganna hjá 12 sveitarfélögum. Hér hefur orðið veruleg breyting á og er innleiðing farsældarlaganna nú hafin hjá öllum sveitarfélögum, þó 3 þeirra séu að stíga sín fyrstu skref. Með því er átt við að þó ekki sé búið að tilnefna tengiliði eða útbúa úrræðalista þá hafa sveitarfélögin verið heimsótt og samtali farið af stað um næstu skref. Þessi sveitarfélög eru öll farin að hugsa í átt að farsæld barna og samþættingu þjónustu í þágu þeirra.

Innleiðing farsældar er hafin hjá 30 sveitarfélögum og samþætting þjónustu hjá 31 sveitarfélagi. Hvað varðar skilgreininguna „innleiðing hafin“, þá ber að geta þess að í samantekt BOFS sem var gerð haustið 2022 var flokkur sem skilgreindur var „undirbúningsvinna hafin“ og í þeim flokki voru þá 35 sveitarfélög. Flokkurinn sem heitir hér „innleiðing hafin“ er skilgreindur á þann hátt að ríkari kröfur eru gerðar til þess að tilheyra þeim flokki en flokknum „undirbúningsvinna hafin“ svo sem að búið sé að tilnefna tengiliði og málstjóra farsældar. Sveitarfélögum þar sem samþætting þjónustu er hafin hefur fjölgað úr 18 í 30 frá haustinu 2022.

Því má segja að vinna við samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna hjá sveitarfélögum sé komin vel af stað, en þrátt fyrir það er enn nokkur þeirra að taka sín fyrstu skref í innleiðingunni á farsældarlögum. Mjög mörg sveitarfélög eru komin vel á veg í innleiðingunni og þeim sveitarfélögum þar sem samþætting er hafin hefur fjölgað. Ekki er ólíklegt að fleiri séu komin í þann hóp nú þegar þessi skýrsla er skrifuð.

6 Vinnuframlag og kostnaður BOFS vegna Farsældarrútunnar 2023

Fimm starfsmenn BOFS fóru í heimsóknirnar, oftast fóru tveir en stundum þrír til fjórir starfsmenn saman, allt eftir staðsetningu fundanna. Alls fóru 45 vinnudagar í heimsóknirnar hjá þessum fimm starfsmönnum. BOFS hefur tekið saman gróflega áætlaðan kostnað vegna Farsældarrútunnar 2023. Ferðakostnaður sem er flug og bílaleigubílar námu tæplega 1,3 milljónir króna, en hér er ekki meðtalin ferðakostnaður á höfuðborgarsvæðinu eða heimsóknir til frumkvöðlasveitarfélaga þar sem annað fyrirkomulag var á þeim. Þá fengu starfsmenn greidda dagpeninga þegar það átti við og er sú upphæð um 400.000 kr.



7 Áframhaldandi innleiðing farsældarlaganna

Eins og fram hefur komið þá hefur innleiðing á farsældarlögnum miðað vel frá síðasta ári. Þrátt fyrir það þá munu mörg sveitarfélög þurfa áframhaldandi og reglubundinn stuðning við innleiðinguna. Næstu skref Farsældarsviðs BOFS munu taka mið af þeirri stöðu sveitarfélaganna í innleiðingu sem kynnt hefur verið hér að framan. BOFS mun setja saman innleiðingaráætlun með sveitarfélögnum nú þegar farsældarrúttunni 2023 er að ljúka og fyrirhugað er að hafa samband við öll sveitarfélög vegna þess.

Sveitarfélögum verður boðin stuðningur við innleiðingu á farsældarlögnum, sérstaklega þeim sem eru enn í undirbúningsvinnu eða eru komin skemmra á veg. Farsældarsvið BOFS mun bjóða upp á reglulega eftirfylgd og ráðgjöf t.d. með netfundum með innleiðingarteymum viðkomandi sveitarfélaga. Stefnt er að því að aðlaga stuðning eftir þörfum hvers sveitarfélags eins og kostur er. Reglulegir upplýsingafundir fyrir sveitarfélög sem haldnir voru á Teams mánaðarlega frá hausti 2022 fram á vor 2023 munu halda áfram, en nú annan hvern mánuð. Á þeim hafa setið m.a. félagsmálastjórar, fræðslustjórar, innleiðingastjórar og aðrir sem koma að innleiðingu farsældarlaganna í sveitarfélögnum. Þá verða mánaðarlegir fundir með þeim sem stýra innleiðingunni fyrir sveitarfélögin og einnig mánaðarlegir fundir með frumkvöðlasveitarfélögnum. Samstarf hófs á milli Heilbrigðisráðuneytis, BOFS og Þróunarmiðstöð Íslenskrar Heilsugæslu á haustmánuðum og skilar það markvissari vinnu með áframhaldandi samstarfi um innleiðingu farsældar og verklags á öllum heilbrigðisstofnunum á landinu. Einnig hófst samstarf við Landspítala um innleiðingu farsældar.

Það hefur þegar verið ákveðið að farsældarrúttan fari aftur af stað á árinu 2024. Ýmsar hugmyndir eru um útfærslu á þeirri rútu og mun Farsældarsvið eiga samtalið við sveitarfélögin um það skipulag. Einnig er unnið að skipulagningu á áframhaldandi samstarfi við frumkvöðlasveitarfélögin og innleiðinguna þar. Farsældarrúttan hefur hingað til tekið að sér að vera með kynningar fyrir stærri hópa í sveitarfélögnum. Nú eru mörg sveitarfélög farin af stað og önnur að fara af stað með kynningar fyrir þjónustuveitendur, þá sem veita almenna þjónustu og almenning. Við teljum því að ekki sé þörf í næstu rútuferð fyrir stóra kynningarfundir eins og verið hefur hingað til, heldur er stefnan sú að farsældarrúttan 2024 miði fyrst og fremst að því að hitta lykilaðila í innleiðingu á farsældarlögnum á hverjum stað, en



Það gafst vel í heimsóknunum í ár. Markmið fundanna verður að fara yfir stöðuna á innleiðingunni, styðja við og næstu skref ákveðin. Einnig eru hugmyndir um að hitta tengiliði og málstjóra farsældar sérstaklega í þessum heimsóknum.

8 Lokaorð

Það er okkar mat að innleiðingu samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna miði vel áfram. Það má sjá m.a. í þeim tölulegum upplýsingum sem teknar hafa verið saman í þessari skýrslu. Mikil fjölgun tengiliða á öllum skólastigum og tengiliðir farsældar eru nú tilnefndir á öllum heilsugæslustöðvum landsins. Einnig kemur fram að sveitarfélögum hefur fjölgað þar sem samþætting er hafin eða komin vel á veg. Innleiðing farsældarlaganna er nú hafin hjá öllum sveitarfélögum þó hluti þeirra sé að taka sín fyrstu skref í innleiðingunni.

Fram kom á fundunum almenn ánægja með heimsóknir Farsældarrútunnar og þann stuðning og ráðgjöf sem BOFS veitir. Sérstök ánægja var af hálfu sveitarfélaga og annarra þjónustuveitenda með að BOFS kæmi og hitti fólk, að ekki væri aðeins verið að bjóða upp á netkynningar og netfundi. Eftir fundi farsældarrútunnar, samtöl og umræður hafa samskipti og aðsókn í ráðgjöf hjá Farsældarsviði BOFS aukist. Þetta má túlka sem merki þess hve mikilvægt er að hitta fólk, mynda tengsl og eiga opið samtal um farsældarlögin.

Starfsfólk BOFS vill þakka sveitarfélögum fyrir góðar móttökur, áhugaverðar kynningar og mikilvægar umræður sem gáfu okkur innsýn í þær áskoranir og þau tækifæri sem innleiðing farsældarlaganna getur haft í för með sér. Þetta nýtist okkur við frekari útfærslu og þróun á stuðningi við innleiðingu farsældarlaganna.

Að lokum viljum við vitna í orð innleiðingastjóra farsældar í sveitarfélagi þar sem móður drengs á 2. stigi farsældarþjónustu sagði frá því hvað farsæld þýðir fyrir hana:

„Mér fannst eitthvað svo fallegt við það að sonur minn eigi sinn eigin málstjóra sem bæði ég og hann getum leitað til. Mér leið eins og ég væri búin að vera að berjast við vindmyllur í 3 ár þar sem ég sjálf þurfti að óska eftir teymisfundi og berjast fyrir öllu. Fékk því hlýju og gleði í hjartað þegar ÉG var svo boðuð á teymisfund hjá syni mínum af málstjóranum hans. Er ótrúlega ánægð með þessa þjónustu og þessi nýju lög.“

